Forstjóri

Ber ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar.

Yfirdýralæknir

Ber faglega ábyrgð á málaflokkum er varða heilbrigði og velferð dýra, súnur, lyf, lyfjaónæmi og málefni dýralækna og dýrahjúkrunarfræðinga.

Skrifstofa forstjóra

Ber ábyrgð á fréttatilkynningum, ritstjórn á vef MAST, samskiptum við fjölmiðla, innlendar og erlendar stofnanir auk hagaðila og ber einnig ábyrgð á mannauðs- og gæðamálum stofnunarinnar.

Helstu verkefni:

- Yfirstjórn stofnunarinnar.
- Yfirumsjón einnar heilsu.
- Gæðamál í samstarfi við gæðaráð og umsjón með gæðahandbók og gerð verklagsreglna, vinnulýsinga og annarra gagna sem henni tengjast.
- Innri úttektir.
- Árleg rýni á gæðakerfi.
- Virkni jafnlaunakerfis og rýni stjórnenda.
- Útgáfa leyfa til dýralækna og dýrahjúkrunarfræðinga.
- Úrvinnsla kvartana vegna dýralæknisþjónustu er lýtur að faglegum þáttum.
- Þjónustusamningar við dýralækna í dreifðum byggðum landsins.

Svið samhæfingar

Ber ábyrgð á málaflokkum MAST er varða matvælaöryggi, heilbrigði og velferð dýra, auk plöntuheilbrigðis. Ber ábyrgð á fræðslu og leiðbeiningum innan sem utan MAST, eftirlits- og sýnatökuáætlunum ásamt úrvinnslu niðurstaðna rannsókna og eftirlits. Ber ábyrgð á viðbrögðum við sjúkdómum, rannsóknaniðurstöðum o.þ.h. Ber ábyrgð á framkvæmd sértæks eftirlits, leyfisútgáfu, eftirfylgni, þvingunum og stjórnvaldssektum sértæks eftirlits (t.d. fiskeldi, áburður, inn- og útflutningur (þó ekki hross) og fóðurverksmiðjur).

Helstu verkefni:

- Fagleg stefnumörkun.
- Útgáfa landsbundinnar eftirlitsáætlunar.
- Úrvinnsla gagna úr eftirliti, miðlun niðurstaðna og mat á árangri.
- Endurskoðun eftirlitsáætlana þannig að eftirlitið sé áhættumiðað.
- Samhæfing eftirlits og uppfærsla á skoðunarhandbókum og gátlistum.
- Aðkoma að stjórnsýsluákvörðunum.
- Skráning og/eða útgáfa leyfa til annarra heilbrigðisstarfsmanna dýra en dýralækna og dýrahjúkrunarfræðinga og útgáfa hæfisskírteina.
- Skimun fyrir nýjum dýrasjúkdómum, súnum, sýklalyfjaónæmi og efnaleifum í dýrum og dýraafurðum.
- Viðbrögð við nýjum og/eða alvarlegum smitsjúkdómum í dýrum samkvæmt viðbragðsáætlun.
- Áhættu- og frammistöðuflokkun eftirlitsþega ásamt skráningu og úrvinnslu eftirlitsgagna.
- Samræming matvælaeftirlits hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga.
- Leiðbeina hagaðilum um lög og reglur á sviði Matvælastofnunar.

- Þátttaka í rannsóknum á málefnasviðum Matvælastofnunar.
- Þjálfun, fræðsla og símenntun starfsfólks í opinberu eftirliti á málefnasviðum stofnunarinnar.
- Tilkynningar til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga um hættulegar vörur á markaði og samræming á innköllunum þegar nauðsyn krefur.
- Stjórn kjötmats.
- Útgáfa rekstrarleyfa vegna fiskeldis, ræktunarleyfa vegna skeldýraræktar ásamt eftirliti með búnaði og rekstri þeirra.
- Útgáfa flutningsleyfa og heilbrigðisvottorða vegna eldisfisks og hrogna.
- Eftirlit með velferð og sjúkdómum í fiskeldi.
- Umsjón með inn- og útflutningseftirliti dýra, dýraafurða, matvæla, plantna og sáðvara.
- Stuðla að aðgengi að mörkuðum utan EES fyrir íslenskar dýraafurðir.
- Útgáfa heilbrigðisvottorða vegna útflutnings afurða til ríkja utan EES.
- Stjórn landamærastöðva og eftirlit með innflutningi afurða frá ríkjum utan EES.
- Vöktun á alþjóðlegum tilkynningakerfum vegna matvæla og fóðurs.
- Eftirlit með plöntuheilbrigði.

Svið vettvangseftirlits

Ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd eftirlits, leyfisútgáfu, eftirfylgni með frávikum, þvingunum og stjórnvaldssektum vegna alvarlegra frávika (þó ekki eftirlit sem fellur undir samhæfingu). Ber einnig ábyrgð á aðgerðum vegna nýrra og/eða alvarlegra smitsjúkdóma í dýrum samkvæmt viðbragðsáætlun sem og öðrum sjúkdómavörnum og sýnatökum.

Helstu verkefni:

- Veiting leyfa til leyfisskyldra aðila í frumframleiðslu.
- Skráning tilkynningaskyldra aðila í frumframleiðslu.
- Veiting leyfa til sláturhúsa og matvælafyrirtækja sem vinna matvæli úr dýraafurðum.
- Eftirlit með matvælafyrirtækjum sem vinna matvæli úr dýraafurðum, frumframleiðslu, sláturdýrum og sláturafurðum.
- Eftirlit með fiskvinnslum, aflameðferð og fiskiskipum.
- Eftirlit með heilbrigði, merkingu, aðbúnaði og velferð dýra, auk eftirlits með lyfjanotkun og lyfjaskráningum í búfé og eftirlit með fóðri á býlum.
- Sóttvarnaaðgerðir og varnir gegn smitsjúkdómum dýra.
- Skipulag bakvakta dýralækna, auk verkkaupa og eftirfylgni vegna þjónustusamninga við sjálfstætt starfandi dýralækna.

Svið stjórnsýslu

Ber faglega ábyrgð á stjórnsýslu MAST og leiðbeinir um löggjöf, ber einnig ábyrgð á samskiptum við innlendar sem erlendar stofnanir sem varða löggjöf.

Helstu verkefni:

- Fer með og ber ábyrgð á lögfræðilegum álitaefnum er snúa að starfsemi stofnunarinnar, þ.m.t. yfirumsjón með undirbúningi og gerð umsagna vegna lagafrumvarpa, annarra þingmála, stjórnsýslufyrirmæla og annarra lögfræðilegra afgreiðsluerinda sem stofnuninni berast
- Stoðþjónusta og ráðgjöf við starfsmenn varðandi lögfræðileg álitaefni.
- Ábyrgð á samskiptum við erlendar stofnanir vegna löggjafar er varðar EES samninginn og vegna úttekta erlendra eftirlitsstofnana með starfsemi stofnunarinnar.

- Álagning stjórnvaldssekta og almenn stjórnsýsla varðandi þvingunarúrræði sem beitt er af hálfu stofnunarinnar.
- Útgáfa leyfa til notkunar dýra í vísindaskyni.

Svið upplýsingatækni og reksturs

Ber faglega ábyrgð á rekstri MAST, upplýsingatækni, stafrænni þróun og þjónustu við starfsmenn. Auk þess ber sviðið ábyrgð á eftirfylgni rekstraráætlana og innra eftirliti er varðar fjármál og rekstur.

Helstu verkefni:

- Gerð umfangsmikilla samstarfs- og þjónustusamninga.
- Mannauðsmál.
- Greining á rekstrarlegum þáttum vegna almennra þjónustukaupa, rannsókna og eftirlits.
- Stoðþjónusta, s.s. skjalavarsla bókhald, launavinnsla, innheimta, móttaka erinda og innkaup.
- Umsjón með húsnæði og eignum s.s. bifreiðum og skrifstofubúnaði.
- Gerð fjárhagsáætlana, eftirfylgni og kostnaðareftirlit.
- Stjórnun og uppbygging stafrænna lausna, rekstur upplýsingakerfa og tæknibúnaðs.
- Fræðsla og stuðningur við stjórnendur og starfsfólk um meðferð fjármuna, gagnaskil og kostnaðarvitund.
- Framkvæmd innra eftirlits sbr. 65. gr. laga nr. 123/2015.